

Tillaga um að hefja vinnu við að gera gögn á vef Reykjavíkurborgar véllæsileg

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að hefja vinnu við að gera öll gögn á vef Reykjavíkurborgar véllæsileg. Móta skal verklag sem tryggir að öll gögn sem birt verða á vefnum verði véllæsileg auk þess sem yfirfara skal vefsvæði borgarinnar og gera áætlun um hvaða eldri gögnum verði breytt yfir á véllæsilegt form. Tillagan er í samræmi við samþykkt um Gagnsjá Reykjavíkurborgar og mun styðja við innleiðingu hennar.

Skrifstofu borgarstjórnar og þjónustu- og nýsköpunarsviði verði falið að fara yfir og móta útfærslu vinnulags við meðferð og umsýslu gagna og meta möguleika á að gera þau gögn sem fyrir eru á vef borgarinnar véllæsileg.

Greinargerð:

Langflestir notendur finna upplýsingar á internetinu með því að nota leitarvél. Erfitt er að finna gögn eða upplýsingar sem eru á þannig formi að þau eru ekki véllæsileg. Nokkuð er um slík gögn á vef borgarinnar og núverandi verklag og reglur við meðferð gagna eru þannig að stöðugt bætist við magn slíkra gagna. Þróun í myndgreiningu er hröð, og hugsanlegt er að sú tækni geti gert öll gögn véllæsileg í framtíðinni, en óljóst er hversu fljótt það verður eða hversu öflug sú tækni mun verða gagnvart íslensku máli. Í því ljósi er æskilegt að nú þegar verði vinnulagi innan borgarinnar breytt í þá veru að öll gögn sem birt eru á vefjum hennar séu véllæsileg. Ljóst er að skoða þarf þær reglur og lög sem gilda um sannreyningu og réttmæti gagna í þessu samhengi. Í framhaldinu verði mótað nýtt vinnulag er gildi fyrir alla stjórnarsýslutengda starfsemi borgarinnar. Af sömu ástæðum er rétt að leggja mat á með hvaða hætti sé fýsilegst að gera gögn sem þegar eru á vefnum véllæsileg.

Sign.